



21. stjórnarfundur LH
16. desember 2021 kl. 17:00
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Siguroddur Pétursson, Gréta V. Guðmundsdóttir og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Einar Gíslason og Aníta Aradóttir úr varastjórn.

Á fjarfundi: Ómar Ingi Ómarsson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 20. fundar

2. Fulltrúar LH á FEIF þingi

Stefnt er á að halda FEIF þing 2022 í Osló 4.-5. febrúar. Ef Covid-ástand setur þessi plön úr skorðum verður Delegates Assembly haldið í fjarfundi 4. febrúar og Annual meetings 30. apríl – 1. maí í Osló, ákvörðun um fyrirkomulag verður tekin 23. desember. Tilkynna þarf þingfulltrúa fyrir 1. janúar.

Afgreiðsla: Fulltrúar LH á FEIF-þingi 2022 úr stjórn; Guðni formaður, Sóley í fjarveru varaformanns og Gréta ritari, einnig; formaður keppnisnefndar, formaður æskulýðsnefndar og framkvæmdastjóri.

3. Framboð til fastanefnda FEIF

Tilkynna þarf framboð til fastanefnda FEIF fyrir 1. janúar. Sveinn Ragnarsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa í menntanefnd, Eggert Hjartarson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa í frístundareiðmennskunefnd, Helga B. Helgadóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa í æskulýðsnefnd.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir kröftum formanns menntanefndar LH í menntanefnd FEIF. Æskulýðsnefnd LH falið að finna kandidat í æskulýðsnefnd FEIF. Samþykkt að tilnefna Anítu Aradóttur í frístundareiðmennskunefnd FEIF. Athuga þarf hvort fleiri sæti séu laus í Sportnefnd FEIF.

4. Úrsögn Bændasamtaka Íslands úr FEIF

BÍ og LH skipa saman aðild Íslands að FEIF og hafa hvort um sig greitt helming árgjalds Íslands í FEIF. Bréf barst frá BÍ þann 16. desember 2021 þar sem BÍ upplýsir LH að stjórn BÍ hafi í lok árs 2020 dregið aðild sína úr FEIF og muni ekki greiða helming árgjalds FEIF fyrir árið 2021.

Afgreiðsla: Formanni LH falið að hafa samband við formann Bændasamtakanna.

5. Reiðkennari ársins – tilnefning menntanefndar

FEIF óskar eftir tilnefningu frá öllum aðildarlöndum um reiðkennara ársins innan FEIF. Menntanefnd LH óskaði eftir tilnefningum frá almenningi og kosið var opinni kosningu á vefsvæði LH um þá þrjá aðila sem fengu flestu tilnefningarnar. Sigurvegari kosningunnar verður tilnefndur til FEIF sem reiðkennari ársins. Menntanefnd óskar eftir að veita sigurvegaranum verðlaun og viðurkenningu sem reiðkennari ársins á Íslandi.



Afgreiðsla: Samþykkt.

6. Skógarhólar bráðabirgðauppgjör

Rekstur Skógarhóla gekk vel á árinu og er lítillaga í plús. Kostnaður við viðhald og framkvæmdir voru tæp 1.000.000 kr. Stærstu framkvæmdir ársins voru að steipt var í gólf í salnum og skipt var um vatnsdælu.

Afgreiðsla: Til kynningar.

SM kemur inn á fund.

7. Beiðni um styrk vegna Íslandsmóts barna og unglunga 2021 – erind frá Sörla

Erindi frá Hestamannafélaginu Sörla sem var frestað á 18. fundi. Óskað er eftir fjárstuðningi vegna Íslandsmóts barna og unglunga 2021.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita Hestamannafélaginu Sörla styrk til að mæta kostnaði við WR-mót, kr. 150.000.

EH vikur af fundi.

8. Frumvarp til laga um velferð dýra (bann við blóðmerahaldi) beiðni um umsögn.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir LH til umsagnar frumvarp til laga um velferð dýra, bann við blóðmerahaldi. Óskað er eftir að umsögn berist eigi síðar en 17. janúar nk.

Afgreiðsla: Samþykkt að senda inn umsögn byggða á tilkynningu sem stjórn LH sendi frá sér 26. nóvember sl.

9. Könnun um stuðning sveitarfélaga við hestamannafélögin

Kynnt var skýrsla sem unnin er upp úr könnun sem send var á hestamannafélögin í sumar. Niðurstöður könnunarinnar geta félögin nýtt til að bera sig saman við önnur félög og nýtt upplýsingarnar sem verkfæri til að leita frekari stuðnings hjá sín sveitarfélagi.

Afgreiðsla: Til kynningar, skýrslan send til hestamannafélaganna.

10. Jöfnunarstyrkur til að mæta ferðakostnaði dómara

Lagt er til að framlengja umsóknarfrest til 10. janúar 2022.

Afgreiðsla: Samþykkt.

11. Valnefnd LH

Rætt um hvort þörf væri á að breyta verklagi við val á knöpum ársins, hvort valið eigi að vera gagnsærra og hvort leynd þurfi að vera um hverjir sitja í nefndinni.

Afgreiðsla: Einari og Lilju falið að funda með valnefnd og fara yfir hvort ástæða sé til að endurskoða fyrirkomulag á vali á knöpum ársins.

12. Verklag á milli stjórnarfunda

Formaður leggur til að á milli stjórnarfunda hittist formaður, ritari, gjaldkeri og framkvæmdastjóri, á vikulegum fundum til að hægt sé að vinna ýmis mál hraðar, en öll mál sem bera þarf undir stjórn verði eftir sem áður lögð fyrir stjórnarfundi.

Afgreiðsla: Samþykkt.

13. Önnur mál



a. *Rætt um málefni Hestamannafélagsins Gnýfara, málið er í skoðun.*

b. *Samþykkt að halda nefndafundi dagana 13., 14. og 15. janúar.*

c. *Ráðning landsliðsþjálfara*

Stefán skýrði frá framgangi stefnumótunarvinnu landsliðsnefndar, ítarleg starfslýsing landsliðsþjálfara liggur fyrir og ráðningarferli er að hefjast.

d. *Samningur milli LM ehf. og LH*

Lagt er til að LH og LM geri með sér samning sem felst í því að LH kaupi tímtökubúnað LM ehf. á kr. 300.000. Fjárhæðin kæmi til skuldajöfnunar á móti þátttökukostnaði LM í skrifstofuhaldi LH fyrir árið 2021 sem er 25.000 á mánuði þetta árið.

Afgreiðsla: Samþykkt, skrifstofu falið að kanna hvernig búnaður er notaður í frjálslþróttum og hvað myndi kosta að endurnýja núverandi búnað.

f. *Sportfengur*

Óskað er eftir samantekt um rekstur Sportfengs.

Afgreiðsla: Skrifstofu falið að taka saman upplýsingar um rekstur Sportfengs og hversu mikil forritunarvinna hefur verið lögð í kerfið árlega.

GH vikur af fundi.

d. *Fyrirkomulag um verkefni formanns*

Verkefni formanns eru umfangsmikil og tímafrek. Lagt er til að gerður verði tímabundinn verktakasamningur við formann, gegn því að hann helgi ákveðnum átaksverkefnum tíma og vinnuframlag. Ráðning launaðs formanns til frambúðar verði borin undir landsþing.

Afgreiðsla: Gjaldkera og varaformanni falið að gera verkefnalýsingu og drög að verktakasamningi við formann. Í framhaldi verði unnin tillaga fyrir landsþing um launaðan formann.

Fundi slitið kl. 21.10